

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag í landi jarðarinnar Selparts í fyrrum Gaulverjabæjarhreppi.

Gert er ráð fyrir 4 nýjum byggingarreitum á 7,8 ha lóð úr landi Selparts. Fyrir á lóðinni eru íbúðarhús og landbúnaðarbyggingar. Á byggingarreit 1 er heimilt að reisa allt að 600 m² véla- og verkfærageymslu með hámarkshæð 7 m. Á reit 2 er heimilt að reisa allt að 900 m² fjósbyggingu með hámarkshæð 9 m og á reit 3 er heimilt að reisa allt að 100 m² kornþurrkunarhús með hámarkshæð 12 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. október 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. nóvember 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. desember 2007